

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Annas Jón Sigmundsson
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Efni: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2018/2019.

Vísað er til úthlutunar á byggðakvóta til byggðarlaganna Garðs og Sandgerðis.

Á fundi bæjarstjórnar sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs þann 19. desember 2018 var samþykkt að óska eftir við ráðuneytið að settar verði sérstakar reglur um úthlutun byggðakvóta til skipa í byggðarlögunum Garði og Sandgerði, samkvæmt eftirfarandi:

1. Sandgerði.

Ákvæði reglugerðar nr. 685/2018 gilda um úthlutun byggðakvóta Sandgerðis, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 40% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi skip landaði í þorskígildum í Sandgerði á fiskveiðiarinu 2017/2018 og 60% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til byggðarlagsins, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.
- b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Sandgerðis og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.


2. Garður.

Ákvæði reglugerðar nr. 685/2018 gilda um úthlutun byggðakvóta Garðs, með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 40% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi skip landaði í þorskígildum talið á fiskveiðiárinu 2017/2018 og 60% skiptist hlutfallslega til sömu skipa, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlagsins, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.
- b) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2019.

Rök fyrir framangreindu eru einkum þau að með þessu munu fleiri fiskiskip fá úthlutað byggðakvóta en ef öllum byggðakvóta væri skipt hlutfallslega miðað við landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla. Þannig mun úthlutaður byggðakvóti nýtast fleiri aðilum til atvinnusköpunar í sveitarfélaginu, sem er afar mikilvægt. Þá leggur bæjarstjórn áherslu á öllum afla sem telst til byggðakvóta verði landað í Sandgerði, sem er einnig mikilvægt til atvinnusköpunar í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllst,


Magnús Stefánsson
Bæjarstjóri
Sameinaðs sveitarfélags Sandgerðis og Garðs